

Mánudaginn 6. septembermán.

Nr. 17/1886

Rjettvísín

gegn

Guðríði Þorvaldsdóttur.

D ó m u r :

Með eigin játningu hinnar ákærðu, Guðríðar Þorvaldsdóttur, og öðrum sönnunum, sem komið hafa fram undir rekstri málsins, er það löglega sannað, að hin ákærða, sem er ógipt, og ól barn þann 2. jan. f. á., er í skírninni hlaut nafnið Þorvaldína Helga Sigríður, þá er barn þetta var skírt, lýsti því yfir við prestinn, að faðir að barni þessu væri maður nokkur í Borgarfirði, en þá er hann þverneitaði faðerni að þessu barni, játaði hin ákærða fyrst fyrir presti þeim, er skírt hafði fyrir hana barnið, og síðar fyrir rjetti, að hún hefði ranglega lýst þennan mann föður að barni sínu, og hefði hún gjört það af því, að hinn sanni faðir barnsins væri giptur maður. Þá er rjettar-rannsókn var hafin, kannaðist maður þessi við faðerni að barninu. Fyrir afbrot þetta er hin ákærða, sem er komin yfir sakamanna lögaldur, og ekki hefur áður sætt hegningu nje ákæru fyrir neitt lagabrot, dæmd í aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar 7. nóvbr. f. á. í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til þess að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, en dómi þessum hefur hin ákærða áfrýjað til yfirdómsins.

Brot hinnar ákærðu hefur af undirdómaranum verið rjettilega heimfært undir 180. gr. hegningar-

laganna, og virðist hegningin eptir þessari lagagrein, þótt það eigi geti verið til málsbóta fyrir hina ákærðu (eins og undirrjetturinn álitur), að hún þykist hafa gripið til þeirra úrræða, að lýsa rangan barnsföður af því að hinn rjetti faðir var giptur maður og heimilisfriði þessvegna kynni að raskast, hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð, sem gjört er í undirrjettardóminum, og ber því að staðfesta hann; svo ber hinni ákærðu og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns, 10 kr. handa hvorum þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur skal óraskaður standa. Hin ákærða, Guðriður Þorvaldsdóttir, greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Franz Siemens og Sigurðar Þórðarsonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.